



Páll Björgvin Guðmundsson
Urriðaholtsstræti 18
210 Garðabær

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 21. september 2021
Tilv.: SRN21090003/3.3

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipar yður í starfshóp sem hefur það hlutverk að vinna tillögu að endurskoðuðu samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um eflingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu, sbr. meðfylgjandi samkomulagi dags. 26. september 2019. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili tillögum sínum fyrir lok 2021 en skipað er til 31. desember 2021.

Starfshópurinn skal:

- Greina þann árangur sem gildandi samkomulag hefur skilað á grundvelli þeirra markmiða og forsendna sem lágu því til grundvallar.
- Greina hvernig markmiðum samkomulagsins verði náð. Skilgreind verði skýr markmið og leiðir til að ná þeim verði vel skilgreindar og mælanlegar. Horft verði sérstaklega til markmiða ríkis og sveitarfélaga varðandi breyttar ferðavenjur og markmiða Íslands í loftslagsmálum, auk þeirra markmiða sem koma fram í samkomulaginu.
- Núgildandi samningur tekur bæði til almenningsamgangna innan höfuðborgarsvæðisins sem og til nágrannasveitarfélaga, innan vinnusóknarsvæðis þess. Því skal hópurinn skoða sérstaklega almenningsamgöngur milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins og hvernig styrkja má grundvöll þeirra og stuðla að aukinni hlutdeild þeirra í ferðum þar á milli.

Skal þar líta til þátta eins og:

- Aðgengi og aðstöðu almenningsamgangna við Keflavíkurflugvöll og á höfuðborgarsvæðinu.
- Sjónarmiða sem komu fram í samkeppnismati OECD fyrir Ísland frá 2020.
- Tengingu við innanlandsflug og leiðakerfi Strætó og Borgarlínu á höfuðborgarsvæðinu.


Starfshópurinn er svo skipaður:

Árni Freyr Stefánsson, tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra,
Steinunn Sigvaldadóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneyti,
Sigrún Ólafsdóttir, tilnefnd af forsætisráðuneyti,
Birgir Björn Sigurjónsson, tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu,
Guðrún Edda Finnbogadóttir, tilnefnd af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu,
Páll Björgvin Guðmundsson, tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Ráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í starfshópnum.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Hjaltadóttir


Ólafur Kr. Hjörleifsson

Fylgiskj.: Samkomulag varðandi rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, dags. 26. september 2019